

Joels färger

Höfundur texta: Isela Valve (Álandseyjum)
Umbrot og myndritstjórn: Minna Öberg
(Álandseyjum) PQR-kultur, 2011
Var tilnefnd til Barna- og unglingsbókaverðlauna Norðurlandaráðs 2013

Söguþráður: Bókin fjallar um álenska listamanninn og skáldið Joel Pettersson (1892-1937). Söguþráðurinn, listaverkin og myndheimur bókarinnar eru sótt í líf listamannsins.

Efnisorð: List, litir, tilfinningar, ljóð, draumar, listafólk

Samtöl og leikur:

SKOÐA-LESA með yngstu börnunum


Skoðið myndirnar með barninu. Hvaða liti finnið þið í bókinni? Blandið liti í vatnsglasi og skoðið þá saman. Hvað gerist þegar þið blandið litum saman?

LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðaðu kápumyndina. Um hvað heldurðu að bókin sé?
2. Hvaða litir eru í bókinni?
3. Hver er uppáhaldsliturinn þinn? Teiknaðu eða málaðu mynd og notaðu bara uppáhaldslitinn þinn.
4. Tínið til slæður og dúka í mismunandi litum. Búið til tónlistarleik þar sem börnin fá hvert sinn dúk til að hreyfa sig með í takti við valda tónlist.

BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Joel er listamaður. Veltið fyrir ykkur saman hvað list er og hver geta kallað sig listafólk.
2. Joel hefur gaman af svörtum bókstöfum, honum finnst þeir líkjast kálfum, svínunum og húsum. Skrifðu nafnið þitt með svörtum stöfum, hvaða dýr eða hluti geturðu teiknað með stöfunum þínum?
3. Berið litina í bókinni saman við litina í Aima mæder Fjeldets Moder eftir Bolatta Silis-Høegh.
4. Sumar eitt kom sæt stelpa í bæinn þar sem Joel átti heima. Hann þorði ekki að segja henni að hann væri skotinn í henni. Hvers vegna heldurðu að hann hafi ekki þorað að segja frá tilfinningum sínum? Hvaða tilfinningar finnst ykkur erfitt að tala um?



ISBN 978-952-7490-60-0

Hvers vegna?

5. Joel skrifar líka leikrit og malar leiktjöld. Gerið þið það líka! Notið stafamyndirnar, klippið þær út og límið á prik. Veltið fyrir ykkur tilfinningunum sem þið voruð að ræða og búið til leikrit saman. Hvernig á leikritið að byrja? Hvað á að gerast í því? Hvaða tilfinningar viljið þið hafa í leikritinu? Eruð þið í sveit eða borg? Hvernig lítur ykkar umhverfi út, hvaða litir passa við leikritið?

BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér gott við bókina? Hvað fannst þér ekki eins skemmtilegt? Var eitthvað sem þér fannst óþægilegt? Sérðu mynstur eða tengingu við aðrar sögur?
2. Joel er listamaður og yrkir líka ljóð. Skoðaðu myndina á kápunni, skrifaðu niður orð sem þér detta í hug og skrifaðu ljóð.
3. Hvaða þýðingu hafa litir fyrir þig? Vekja litir hjá þér tilfinningar? Ræðið tvö og tvö hvernig þið upplifið liti og gefið dæmi um það.
4. Í bókinni sem er frá Álandseyjum eru mörg mismunandi og framandi orð. Veistu hvað orðin þýða? Veltið því fyrir ykkur saman.
5. Hvaða orð notið þið þar sem þú átt heima sem eru öðruvísi en annars staðar þar sem er talað sama tungumál? Hvaða mállýsku talið þið?
6. Kynntu þér Álandseyjar og skrifaðu fróðleiksmola um þær.
7. Kynntu þér nokkrar norrænar listakonur og listamenn sem voru uppi samtímis Joel Pettersson (1892-1937).

AÐRAR BÆKUR SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA: :

På en trollsländas vingar av Ann-Christin Waller och Anni Wikberg
Sorsa Aaltonen ja lentämisen oireet av Veera Salmi och Matti Pikkujämsä
Aima møder Fjeldets Moder av Bolatta Silis-Høegh

MÁLAMOLI

"Listakona, Listamaður"

sænska

Konstnär

danska

Kunstner

norska

Kunstner

íslenska

Listakona,
Listamaður

færeyska

Listakona,
Listamaður

grænlenska


Eqqumiitsuliortoq

finnska

Taiteilija

norðursamíska

Dáiddár



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)